

**Námsáætlun fyrir ensku - 7. bekkur**  
**skólaárið 2018 – 2019**



**Kennari:** Svavar Herbertsson  
**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Hlustun</b>	skilið skýrt og greinilega talað mál, hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum og brugðist við með orðum eða athöfnum,	Nemendur hlusta á margvísleg verkefni og texta úr námsefninu.	Hlustunarpróf.
<b>Lesskilningur</b>	lesið sér til gagns texta sem innihalda orðaforða sem unnið hefur verið með, fundið upplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu,	Nemendur lesa fjölbreytta texta og vinna með þá á ýmsan hátt. Nemendur vinna verkefna- og vinnubókavinnu út frá fjölbreyttum texta.	Glósupróf og önnur skilningspróf og verkefni.
<b>Samskipti/frásögn</b>	nemendur geti tjáð sig nokkuð auðveldlega og sagt frá atburðum, daglegu lífi og skoðunum sínum og fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt, flutt einfalda, áður undirbúna kynningu fyrir skólafélaga og skipst á upplýsingum í einföldu máli, sagt frá og notað lykilorðaforða	Nemendur ræða saman einfalda hluti á ensku úr námsefninu. Nemendur segja frá afmörkuðu efni á ensku.	Símat og virkni metin.
<b>Ritun</b>	beitt grundvallarreglum málfræði í ritun texta og sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða,	Áherslur í málfræði sagnirnar to be og to have í nt. og þt, nútíð sagna, þátíð sagna, aukin áhersla á óreglulegar sagnir, lh. nt.	Ýmis ritunar- og málfræði verkefni eru metin til

	sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt, samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín,	eða present continuous, lh. þt. eða past continuous, framtíð, fleirtala nafnorða, ákveðinn og óákveðinn greinir, persónufornöfn, eignarfornöfn, spurnarfornöfn, ábendingarfornöfn, stigbreyting lýsingarorða, forsetningar	einkunnar. Einnig eru tekin próf úr ákveðnum málfræðipáttum
<b>Menningarlæsi</b>	sýnt fram á að hann kunni skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og átti sig á hvað sé líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu. sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu. sýnt fram á að hann átti sig á skyldleika enskunnar við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.	Nemendur kynnst menningarheimi enskumælandi landa í gegn um námsefnið.	Símat og virkni metin.
<b>Sjálfstæði og samvinna</b>	unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum komið fram við aðra af virðingu og kurteisi unnið vel og farið eftir fyrir mælum gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi		
<b>Námsgögn:</b> Action lesbók Action vinnubók A og Málfræði C Orðabækur			

Efni frá kennara

**Lokanámsmat:** Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C, D.